

Kaste og Mathisen gegn Noregi

Dómur frá 9. nóvember 2006

Mál nr. 18885/04 og 21166/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að leiða fram vitni.

1. Málsatvik

Kærandur, Bård Kaste (f. 1970) og Per Stian Tveten Mathisen (f. 1973), eru norskir ríkisborgarar og búsettir í Osló. Í mars 2002 voru þeir sakfelldir fyrir vörslur á rúmlega 48 kg af amfetamíni sem þeir reyndu að smygla til Noregs frá Þýskalandi. Kaste var jafnframt sakfelldur fyrir vörslu ólöglegra skotvopna. Í október 2002 var vitorðsmaður þeirra sakfelldur vegna sömu brota.

Kærandur ásamt vitorðsmanninum áfrýjuðu og voru mál þeirra sameinuð fyrir áfrýjunardómstól. Vitorðsmaðurinn áfrýjaði einungis vegna refsingar sinnar en kærandur áfrýjuðu vegna annarra atriða, m.a. vegna málsmeðferðar í heild sinni, sönnunarmats og túlkun refsíákvæða. Kærandur voru yfirheyrðir fyrir dómi en vitorðsmaðurinn neitaði að tjá sig um sakargiftir. Vitnisburður sem hann hafði gefið við yfirheyrslu hjá lögreglu var lesinn upp fyrir dómi. Mathisen óskaði eftir að gagnspyrja vitorðsmanninn en því var hafnað með þeim rökum að sá hefði nýtt sér rétt sinn til að tjá sig ekki um sakargiftir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að meðferð málsins á áfrýjunarstigi hefði brotið í bága við rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og rétt þeirra til að afla gagna og spyrja vitni samkvæmt d-lið 3. mgr. sama ákvæðis.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ósannað að réttur kæranda til að gagnspyrja vitorðsmanninn hefði ekki getað samrýmst rétti hans til að neita að tjá sig um sakargiftir þar sem hann hefði getað neitað að svara spurningum fyrir dómi sem bendlað gætu hann við refsiverð brot.

Dómstóllinn benti á að áfrýjunardómstóll hefði tekið fram að sakborningar sem saksóttir væru saman gætu ekki talist vitni í máli hvers annars eins og hugtakið væri skilgreint í mannréttindasáttmálanum. Dómstóllinn tók hins vegar fram að þegar um væri að ræða vitnisburð, hvort sem hann væri tekinn af vitni í þrengri merkingu orðsins eða einum af fleiri sakborningum máls þá flokkaðist slíkt sem sönnunargagn sækjanda og um þau gildi 1. mgr. og d-liður 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Sakfelling kæranda var byggð á vitnisburði vitnis sem kærendum var ekki gefinn fullnægjandi réttur á að gagnspyrja. Með þessu hefði verið brotið í bága við rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. og d-lið 3. mgr. sama 6. gr.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kærendum alls dæmdar 13.400 evrur vegna málskostnaðar.